
Framleiðsluaukning Stjörnueggja að Vallá á Kjalarnesi

Álit um mat á umhverfisáhrifum

1 Inngangur

1.1 Framlagning og kynning umhverfismatsskýrslu

Þann 17. nóvember 2021 lögðu Stjörnuegg fram umhverfismatsskýrslu um endurnýjun búnaðar og aukna framleiðslugetu eggjabús Vallár á Kjalarnesi til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Framkvæmdin og umhverfismatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 4. apríl 2022 í Lögbirtingablaðinu og 2. apríl 2022 í Fréttablaðinu. Umhverfismatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 5. apríl til 17. maí 2022 hjá Skipulagsstofnun. Umhverfismatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Reykjavíkurborgar, Hvalfjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Landgræðslu ríkisins, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

1.2 Gögn

Framlögð gögn Stjörnueggja

Umhverfismatsskýrsla: Endurnýjun búnaðar og aukin framleiðslugeta eggjabús Vallár á Kjalarnesi. Umhverfismatsskýrsla. Stjörnuegg og Efla, 24. mars 2022.

Framkvæmdaraðili lagði fram uppfærða umhverfismatsskýrslu 28. mars 2022.

Að loknum kynningartíma umhverfismatsskýrslu bárust Skipulagsstofnun frekari upplýsingar frá Stjörnueggjum dags. 22. júní, 11., 13. og 21. júlí 2022.

Umsagnir og athugasemdir

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu bárust frá: Reykjavíkurborg 16. maí 2022, Hvalfjarðarsveit 12. maí 2022, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur 17. maí 2022, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands 30. maí 2022, Landgræðslu ríkisins 18. maí 2022, Matvælastofnun 17. maí 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 17. maí 2022, Umhverfisstofnun 25. maí 2022.

Auk framangreindra umsagna bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Íbúasamtökum Kjalarness 11. maí 2022 og Vilhjálmí Ólafssyni 17. maí 2022.



2 Framkvæmd

2.1 Framkvæmdalýsing

Í köflum 2.1 til 2.4 í umhverfismatsskýrslu Stjórnueggja er að finna lýsingu á fyrirhuguðum framkvæmdum. Þar kemur fram að Stjórnuegg hyggist endurnýja varpbúnað og bæta aðstöðu í húsum eggjabús síns að Vallá á Kjalarnesi, auk þess sé unnið að stækkun búans. Byggt verði nýtt eggjahús. Við þessar breytingar á varpkerfum aukist aðgengilegt rými fyrir fugla. Búr verði aflögð og allar varphænur í lausagöngu. Með notkun nýs búnaðar aukist aðgengilegt rými fyrir fuglana, en tilgangur og markmið framkvæmdarinnar er að rekstur húsanna sé í samræmi við kröfur um aðbúnað alifugla í reglugerð um velferð alifugla.

Eggjabú hefur verið starfrækt á jörðinni frá 1970 og hingað til hefur bústofninn talið um 50.000 varpfugla. Eftir breytingar munu verða allt að 95.000 stæði fyrir fugla á mismunandi vaxtarstigum í húsunum. Að meðaltali verða um 65.000-75.000 verpandi hænur á búinu hverju sinni og 10.000 – 20.000 yngri fuglar milli 16-20 vikna sem hafa ekki enn hafið varp. Einnig verða að meðaltali tvö eldisrými í hvíld á milli eldislota.

Framleiðsluferli

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að uppeldi hænuunga fari fram á búum í Sætúni og í Saltvík. Unghænur eru fluttar 16-17 vikna gamlar í eggjahúsin á Vallá. Þar tekur við 4-5 vikna vaxtar- og aðlögunarferli áður en fuglarnir hefja varp. Heildardvalartími fugla í húsum á Vallá er um 60-63 vikur og þá lýkur hverri eldislotu. Að meðaltali verða tvö eldisrými í hvíld á milli eldislota. Alls líða 46 vikur frá því að sláturfugl er fjarlægður uns nýjar unghænur koma inn í húsin. Skítur er fjarlægður úr húsum tvisvar í viku. Skítur frá stækkuðu búi er fluttur að Geldingaá í Leirársveit þar sem hann er borinn á um 256 ha uppgræðslusvæði. Einnig er fyrirhugað að dreifa hæsnaskít á Hvítárvöllum í Borgarfirði á um 86 ha af ræktuðu landi. Ætlunin er að framkvæmdaraðili muni sjá um flutning hæsnaskíts að dreifingsvæðum. Jafnframt stendur til að framkvæmdaraðili taki þátt í rannsóknarverkefni á vegum Landgræðslunnar um aukna nýtingu alifuglaskíts og er reiknað með að stór hluti úrgangsins muni nýtast í slík verkefni. Staðsetning dreifingsvæða Landgræðslunnar liggja ekki fyrir. Undirburður á búinu er eftir aðstæðum annað hvort heflispænic eða strá frá kornskurði og er hann fjarlægður úr húsum með skít til dreifingar þegar þau eru tæmd milli hæsnahópa.

Fram kemur að nýrri loftræstingu verði komið upp í nýjum húsum og í endurnýjuðum eldri húsum. Markmið loftræstingarinnar sé að tryggja að loftskipti séu að lágmarki 0,7 m³/klst. Með því að fjarlægja skítinn reglulega minnki myndun ammóníaks inni í húsunum og að sama skapi minnki lykt sem berst frá loftræstikerfum húsanna sem hefur jákvæð áhrif á loftgæði í nærumhverfi búans. Eftir að varpbúnaður hefur verið endurnýjaður og búið stækkað megi gera ráð fyrir að magn hæsnaskíts minnki um 438.000 kg/ári. Ástæðan fyrir þessu er sú að eftir endurnýjun varpbúnaðar verður skítur sem berst frá búinu þurrari í samanburði við skít frá núverandi búi. Í núverandi fyrirkomulagi er vatn notað til að fleyta skít framúr húsunum, en því verði hætt um leið og búnaður verði endurnýjaður.

Vilhjálmur Ólafsson bendir í umsögn sinni á misræmi varðandi hversu mikið falli til af hæsnaskít frá hverjum fugli. Upphaflega hafi í matsáætlun verið gert ráð fyrir að daglega falli til um 100g skíts frá hverjum fugli, en síðan hafi komið fram að það hafi verið ofmat þar sem daglega komi til með að falla um 50 g frá hverjum fugli.

Í svörum Stjórnueggja kemur fram að þau upphaflegu 100 g af hæsnaskít sem miðað var við í drögum að tillögu að matsáætlun hafi tekið mið af eldi í búrum. Á þeim tíma sem drögin voru gefin út lágu ekki fyrir upplýsingar um áætlað magn hæsnaskíts á fugl miðað við Aviary Pro varpbúnað sem ráðgert sé að setja upp. En reynslan af tveimur nýjum eggjahúsum á Vallá sem séu útbúin



svokölluðum Aviary varpbúnaði hefur sýnt að miðað við þann varpbúnað falli um 40 g/dag af hæsnaskít frá hverjum fugli.

2.2 Frávik frá matsáætlun og frummatsskýrslu

Í tillögu að matsáætlun var áætluð landþörf til dreifingar á hæsnaskít miðað við áætlað magn hæsnaskíts frá endurnýjuðu eggjabúí. Við útreikninga var stuðst við gildi gefin upp í Starfsreglum um góða búskaparhætti. Í athugasemdum hagsmunaaðila var hins vegar bent á að við útreikninga væri miðað við rangt viðmiðunargildi fyrir áætlað magn niturs í fugladriti. Í umhverfismatsskýrslu er tekið mið af útreikningum úr minnisblaði Landgræðslunnar við að áætla landþörf (viðauki A með umhverfismatsskýrslu). Þar er miðað við að magn köfnunarefnis í hæsnaskít sé sambærilegt köfnunarefnisinnihaldi tilbúins áburðar, eða um 50 kg N/ha.

2.3 Valkostir

Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að tveir valkostir komi til greina við ráðstöfun hæsnaskíts sem falli til á búinu. Annars vegar að nýta hæsnaskítinn sem áburð til uppgræðslu og/eða á ræktað land og hins vegar að urða hann. Hingað til hefur hæsnaskíturinn frá búinu á Vallá verið nýttur sem áburður af landeiganda að Geldingaá. Fyrirhugað sé að halda því fyrirkomulagi óbreyttu en einnig verði hann nýttur á um 86 ha af ræktuðu landi að Hvítárvöllum í Borgarfirði. Mögulegt er að hæsnaskíturinn verði nýttur á fleiri stöðum í framtíðinni þar sem um sé að ræða næringarríkan áburð. Sá valkostur að urða hæsnaskítinn myndi felast í því að flytja skítinn á næsta urðunarstað, sem er urðunarstaður Sorpu í Álfsnesi, í stað þess að nýta hann sem áburð. Þar kostar 10,28 kr/kg að urða hæsnaskít, sem árlega samsvarar rúmlega 14 milljónum króna miðað við þau 1.387 tonn af hæsnaskít sem gert er ráð fyrir að falli til á búinu.

3 Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismatsskýrslu Stjörnueggja eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð, óveruleg, talsvert jákvæð og verulega jákvæð umhverfisáhrif. Einnig er mögulegt að óvissa sé um umhverfisáhrif. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum á bls. 30-32 í umhverfismatsskýrslunni. Skipulagsstofnun styðst við sömu vægiseinkunnir en notar einnig nokkuð neikvæð yfir vægustu neikvæðu áhrif og nokkuð jákvæð yfir vægustu jákvæðu áhrif.

Við umfjöllun um hvern umhverfisþátt hér að neðan eru fyrst dregin saman meginatriði úr mati Stjörnueggja á umhverfisáhrifum. Þar á eftir fylgir umfjöllun Skipulagsstofnunar sem byggir á umhverfismatsskýrslu og umsögnum sem bárust á kynningartíma umhverfismatsskýrslu auk annarra gagna.

3.1 Áhrif á loftgæði - lykt

3.1.1 Mat Stjörnueggja

Í umhverfismatsskýrslu Stjörnueggja kemur fram að lyktarmengun frá eggjabúum stafi einkum af hæsnaskít og ammóníaki sem berist fyrst og fremst frá hæsnahúsum en í minni mæli frá dreifingu skítsins. Í skýrslunni er gerð grein fyrir ráðandi vindáttum á Kjalarnesi sem og umhverfis dreifingarsvæðin Geldingaá í Leirársveit og Hvítárvelli í Borgarfirði. Þar er jafnframt gerð grein fyrir fjarlægð til næstu bæja og frístundabyggðar. Fram kemur að verstu veðurskilyrði með tilliti til lyktarmengunar séu hægur vindur. En á Kjalarnesi sé mjög vindasamt og stýri Esjuhlíðar algengustu vindáttum. Klébergsskóli sé í um 490 m fjarlægð frá búinu, íbúabyggðin í Grundarhverfi í rúmlega 650 m fjarlægð norðvestur af búinu og bærinn Skrauthólar í um 600 metra fjarlægð sunnan búans.



Fram kemur að með auknum fjölda varpfugla að Vallá megi gera ráð fyrir aukinni lyktarmengun. Áhrif af völdum lyktarmengunar séu neikvæð en afturkræf og muni takmarkast við næsta nágrenni búsin að Vallá og landsvæðanna að Geldingaá og Hvítárvöllum þar sem fyrirhuguð sé dreifing á hæsnaskít. Þrátt fyrir að verið sé að fjölga stæðum fyrir varpfugla úr 50.000 í 95.000 verði alltaf einhver eldisrymi í hvíld. Því megi gera ráð fyrir að um 65.000 til 75.000 varphænur og 10.000 til 20.000 ungfuglar sem ekki séu farnir að verpa verði að meðaltali á búinu. Skítur sem falli til á búinu muni verða mun þurrari samanborið við skít frá núverandi bú. Almenn berist minni lykt frá þurrum skít samanborið við blautan. Þess utan sé skítur fjarlægður eigi sjaldnar en tvisvar í viku, en með því að fjarlægja skítinn reglulega minnki myndun ammoníaks. Auk þess minnki magn þeirra lyktarefna sem berist með loftræstibúnaði húsanna.

Þá kemur fram að við dreifingu hæsnaskíts á tún á Hvítárvöllum verði þess gætt að viðunandi fjarlægð sé haldið við nálægustu bæi. Til þess að lágmarka hættu á foki við dreifingu þurrs hæsnaskíts verði tekið tillit til veðurs hverju sinni og ekki dreift þegar mjög vindasamt og þurrt er í veðri. Niðurstaða Stjórnueggja er sú að þrátt fyrir að verið sé að fjölga fuglum á búinu að Vallá verði skíturinn mun þurrari eftir endurnýjun varpbúnaðar og lyktarmengun því minni. Að teknu tilliti til þessa, auk fjarlægðar við nálægustu byggð, þynningu lyktar vegna trjágróðurs við búnið og þess að hingað til hafi engar kvartanir borist vegna lyktarmengunar frá búinu að Vallá né vegna dreifingar á skít að Geldingaá eða Hvítárvöllum megi gera ráð fyrir því að áhrif af völdum endurnýjunar varpbúnaðar og fjölgunar á fuglum að Vallá séu óveruleg.

3.1.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur bendir í umsögn sinni á að skólahúsnæði sé í um 500 fjarlægð frá húsunum og hafa beri í huga að börn séu viðkvæmari fyrir mengun en fullorðnir. Dreifing mengunar frá þauleldisbúum og möguleg heilsufarsáhrif af því að búa í nágrenni stórra alifuglabúa hafi verið rannsökuð. Fjalla þurfi um heilsufarsáhrif þess að búa í nágrenni alifuglabús af slíkri stærð.

Í svörum Stjórnueggja kemur fram að ekki sé vitað til þess að gerðar hafi verið rannsóknir hérlendis á dreifingu mengunar frá þauleldisbúum og mögulegum heilsufarsáhrifum af því að búa í nágrenni stórra alifuglabúa. Í hollenskri rannsókn var ályktað að fólk sem byggði í minna en 1 km fjarlægð frá kjúklingabúi væri 11% líklegri til þess að fá lungnabólgu vegna ryks frá búinu sem bæri með sér bakteríur úr umhverfinu. Hér séu aðstæður öðru vísi en í Hollandi, t.d. varðandi veðráttu. Þá verði bestu fánlegu tækni fylgt til að tryggja að rykmyndun sé í lágmarki á búinu. Ammoníak sé ein sú lofttegund sem helst losni frá hæsnaskít. Í miklu magni geti það valdið óþægindum í öndunarferum og augum og jafnvel haft skaðleg áhrif. Með endurnýjuðum búnaði verði hæsnaskíturinn sem falli til á búinu mun þurrari í samanburði við skít frá eldri búnaði, en því þurrari sem skíturinn er því minna ammoníak myndist og losni.

Umhverfisstofnun bendir í umsögn sinni á að í austsuðaustan og suðaustan áttum blási í átt að íbúðabyggð, skóla og leikskóla á Kjalarnesi. Gerð verði krafa í starfsleyfi um hámarkslosun ammoníaks frá húsum, byggð á BAT-niðurstöðum.

Skipulagsstofnun telur að breytingar á búnaði og verklagi í rekstri í eggjahúsum Vallár séu líklegar til að draga úr lykt frá starfseminni. Einkum vegna þess að með nýjum búnaði verði skíturinn þurrari og honum verði strax komið í lokaða gáma sem séu tæmdir nokkuð ört eða tvisvar í viku. Þær aðgerðir eru líklegar til að draga umtalsvert úr ólykt og bæta loftgæði til muna. Hins vegar felast fyrirhugaðar framkvæmdir ekki eingöngu í endurnýjun búnaðar heldur er einnig gert ráð fyrir framleiðsluaukningu úr 50.000 fuglum í allt að 95.000 fugla. Skipulagsstofnun telur því óljóst um það hver ávinningur verði af nýjum búnaði og bættu verklagi við rekstur eggjabúsins. Þar sem fjöldi fugla mun nærri tvöfaldast er veruleg óvissa um áhrif eggjabúsins á loftgæði í nálægri íbúðabyggð. Líkt og íbúasamtök Kjalarness bentu á í umsögn sinni þá eru stór svína- og alifuglabú á nokkrum stöðum á Kjalarnesi. Í öllum tilfellum er þar um öflugar lyktaruppsprettur að ræða.



Skipulagsstofnun telur brýnt að aukin eggjaframleiðsla að Vallá komi ekki til með að rýra loftgæði með aukinni lykt frá starfsemi. Skipulagsstofnun telur að óvissa sé um heildaráhrif breytinganna. Annars vegar vegna minni raka í skítum samfara nýjum búnaði en það dregur úr ólykt og rúmmáli skíts. Hins vegar vegna meiri skíts frá stærri bústofni með auknu magni af illa lyktandi efnum sem því nemur. Skipulagsstofnun telur jákvætt að sett verði mörk á losun ammoníaks í starfsleyfi líkt og Umhverfisstofnun hefur boðað. Ef unnt er að reikna eða mæla hversu mikið berst af ammoníaki frá starfsemi miðað við fjölda fugla er jafnframt unnt að meta hversu marga fugla er unnt að hafa á húsum án þess að styrkur ammoníaks fari yfir viðmiðunarmörk. En þó svo að mörk um hámarkslosun ammoníaks verði í starfsleyfi er ekki sjálfgefið að það tryggi að ekki hljótist ónæði vegna ólyktar frá aukinni framleiðslu. Í ljósi þessa beinir Skipulagsstofnun því til Umhverfisstofnunar að við útgáfu starfsleyfis kunni að vera ráðlegt að heimila framleiðsluaukningu í þrepum og sannreyna áhrif hvers áfanga áður en heimilað verður að auka framleiðslu enn frekar. Skipulagsstofnun telur að áhrif þess að endurnýja búnað muni hafa jákvæð áhrif á loftgæði en töluverð óvissa er um hvað hin mikla fjölgun fugla úr 50.000 í 95.000 muni hafa á lykt í nánasta umhverfi eldihúsanna. Líklega verði áhrifin nokkuð neikvæð í nágrenni Vallár en óveruleg þar sem ráðgert er að dreifa hæsnaskítum.

3.2 Áhrif á vatn

3.2.1 Mat Stjörnueggja

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að vatni geti stafað hætta af eggjabúum berist fráveituvatn eða skítur í vatnið. Þegar búfjáraburði sé dreift á land þurfi að gæta vel að því að ekki sé dreift nálægt yfirborðsvatni eða grunnvatni þannig að næringarefni eigi það á hættu að safnast upp í vatninu. Vatnsbólum stafi ekki hætta af völdum búsinis á Kjalarnesi en dreifingarsvæði skíts við Geldingaá sé innan skilgreinds vatnsverndarsvæðis skv. Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. Dreifingarsvæði við Hvítárvelli sé ekki innan skilgreinds vatnsverndarsvæðis.

Fram kemur að læk sem rennur um bæjarstæðið að Vallá sé ekki talin stafa hætta af framkvæmdinni vegna þess að allt frárennsli frá eggjahúsum berist í rotþró og allur hæsnaskítur sé geymdur í einangruðum gámi. Ekki sé talin mikil hætta á að næringarefni úr hæsnaskít sem borinn er á uppgræðsluland að Geldingaá berist í Geldingaá eða votlendi sem þar er vegna þess að svæðið er fremur flatt og ekki verði dreift nálægt ánni né votlendinu. Að Hvítárvöllum þar sem hæsnaskítur verði nýttur sem áburður á tún sé land vel gróið og upptaka næringarefna ætti því að vera mikil. Auk þess sé miðað við að fullnægjandi fjarlægð sé haldið á milli dreifingarsvæða og árbakka.

Þá kemur fram að dreifing hæsnaskíts sé talin geta haft óbein neikvæð áhrif á yfirborðsvatn og grunnvatn. Dreifing hæsnaskíts verði innan vatnsverndarsvæðis og í nágrenni vatnsbóla. Að því gefnu að dreifing fari fram samkvæmt þeim ákvæðum sem gefin verði í starfsleyfi um takmarkanir innan brunnsvæða og þar sem hætta er á afrennsli í vatn, séu áhrif framkvæmdarinnar á yfirborðsvatn og grunnvatn hins vegar talin óveruleg.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að þess verði gætt að búfjáraburði sé hvorki dreift nálægt ám, lækjum og votlendi né vatnsbólum, lindum, brunnum eða borholum. Ef aðstæður verði á einhvern hátt óhagstæðar geti verið þörf fyrir meiri fjarlægð frá þessum stöðum heldur en gert sé ráð fyrir í BAT skýrslum eða starfsleyfum. Auk þess verði skít aðeins dreift á tímabilinu frá 15. mars til 1. nóvember og almennt tekið tillit til veðuraðstæðna.

3.2.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Umhverfisstofnun bendir í umsögn sinni á að Stjörnuegg hafi ekki athugað köfnunarefnis-, fosfór- né þurrefnainnihald í skítum sem verði þurrari í samanburði við núverandi fyrirkomulag.



Fyrirtækið miði efnainnihaldið við forsendur reiknivélar Landgræðslunnar. Ef skíturinn sem muni falla til sé þurrari en Landgræðslan geri ráð fyrir, geti köfnunarefnisstyrkur verið meiri.

Stjörnuegg benda í svörum sínum á að þau 250 kg N/ha sem gert sé ráð fyrir að dreift sé í einu séu talin ásættanleg vegna þess að næringarefni í lífrænum áburði séu torleystari en í tilbúnum áburði. Sé miðað við 170 kg N/ha/ári þurfi um 225 ha landsvæði á ári til dreifingar á þeim 1.387.000 kg/ári af hæsnaskít sem muni falla til á Vallá. Dreifingarsvæðið við Geldingaá sé um 256 ha og að Hvítárvöllum séu um 86 ha af grónum tünnum þar sem fyrirhugað sé að dreifa. Auk þess hafi óformlegt samkomuleg verið gert við Landgræðsluna um móttöku á hæsnaskít frá Vallá til dreifingar í uppgræðslusvæðum. Landsvæði til dreifingar ætti því að vera nægjanlegt, m.t.t. styrks köfnunarefnis. Leitað verði ráðgjafar Landgræðslunnar við gerð dreifingaráætlunar til þess að tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Skipulagsstofnun telur að Stjörnuegg hafi sýnt fram á að fyrirtækið hafi aðgang að nógu stóru landssvæði til að dreifa þeim skít sem fellur til á eggjabúinu eftir stækkun þess. Skipulagsstofnun telur brýnt að hlustað verði á varnaðarorð Heilbrigðiseftirlits Vesturlands varðandi dreifingu skíts við Geldingaá. Þar þarf að gæta þess sérstaklega að halda fjarlægð frá vatnsbólum, votlendi og yfirborðsrennsli, til að vernda bæði neysluvatn á nálægum bæjum og koma í veg fyrir að næringarefni berist í stórum stíl með ám og lækjum í verndarsvæðið í Grunnafirði. Skipulagsstofnun telur mjög jákvætt að ráðgert sé að nota hæsnaskít í uppgræðsluverkefni á vegum Landgræðslunnar og einnig að hann verði nýttur í stað tilbúins áburðar á tún að Hvítárvöllum. Brýnt er að dreifing hæsnaskíts verði óheimilt á frosinni jörð og einnig í öruggri fjarlægð frá vatnsbólum, votlendi, ám og lækjum. Skipulagsstofnun hvetur til þess að í starfsleyfi verði tilgreindar takmarkanir á dreifingu eftir svæðum, árstíma og veðurfari með hliðsjón af gæðamarkmiðum um vatnsvernd líkt og rakin eru í umsögn Umhverfisstofnunar og finna má í starfsreglum um góða búskaparhætti. Að því tilskildu telur Skipulagsstofnun að áhrif framkvæmdanna á vatn verði óveruleg.

3.3 Sýkingarhætta

3.3.1 Mat Stjörnueggja

Í umhverfismatskýrslu kemur fram að sýkingarhætta á eggjabúum stafi af sjúkdómum sem komið geti upp í fuglunum. Sérstakt eftirlit sé haft með sýkingum sem geta beint eða óbeint smitast milli manna og dýra og ógna þannig bæði matvælaöryggi og heilsu manna. Einna þekktustu sjúkdómsvaldar í matvælaframléiðslu séu salmonella og kampýlóbakter og gefi Matvælastofnun, út sérstakar landsáætlanir um varnir og viðbrögð við þeim sýkingum. Sýnatökur á búinu að Vallá séu framkvæmdar og skráðar skv. reglugerð um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berist með matvælum. Afföll séu skráð daglega. Varnir gegn smithættu á búinu felist í góðum búskaparháttum, þ.e. sótthreinsun á skófatnaði, fataskiptum milli húsa og aðskildum áhöldum til þrifa. Frekari upplýsingar um sýkingarhættu er að finna í kafla 4.3 í umhverfismatskýrslu.

Fram kemur að endurnýjun varpbúnaðar sé liður í því að uppfylla reglugerð um velferð alifugla. Aviary varpbúnaður sé nú þegar uppsettur í öðrum eggjahúsum búans. Kröfum yfirvalda um aðbúnað og smitvarnir sé fylgt á búinu og því sé ekki gert ráð fyrir að breytingar verði á sýnatöku, skráningu og vörnum gegn smithættu að framkvæmdum loknum. Fráveituvatn frá eggjahúsum fari í gegnum rotþró sem uppfylli kröfur reglugerðar um fráveitur og skólþ. Það sé því mat framkvæmdaraðila að endurnýjun varpbúnaðar með tilheyrandi fjölgun varpfugla muni ekki hafa áhrif á sýkingarhættu og teljast áhrifin því óveruleg.



3.3.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Matvælastofnun telur í umsögn sinni að umfjöllun um sýkingarhættu í umhverfismatsskýrslu sé ófullnægjandi og það sem þar er lagt til grundvallar. Stofnunin telji að fram þurfi að fara mat á sýkingarhættu af sérfróðum aðila.

Í svörum Stjórnueggja kemur fram að það sé hagur búans að koma í veg fyrir sýkingar og sé kröfum yfirvalda um aðbúnað og smitvarnir fylgt. Matvælastofnun sé leyfisveitandi fyrir eggjaframleiðslu og fari stofnunin með umfangsmikið eftirlit með framleiðslunni í samræmi við lög og skjalfestar verklagsreglur. Samkvæmt skoðunarhandbók fyrir alifugla skuli eftirlitsaðili m.a. hafa eftirlit með smitvörnum á búinu. Ef eitthvað sé ábótavant hvað smitvarnir og sýkingarhættu varðar telji Stjórnuegg að þær ábendingar eigi að koma fram í eftirlitsskýrslu.

Skipulagsstofnun minnir á þegar kemur að rekstri eggjabúsins eru smitvarnir og sýkingarhætta meðal þess sem Matvælastofnun hefur eftirlit með. Skipulagsstofnun telur að ef þörf er á sérstöku mati á sýkingarhættu þá sé eðlilegt að það sé lagt fram samhliða leyfisumsókn og skilyrði í leyfum taki mið af niðurstöðum þess.

4 Skipulag og leyfi

Framkvæmdin er í landi Vallár á Kjalarnesi og á svæði sem er afmarkað sem landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Deiliskipulag er til af svæðinu. Samkvæmt því er gert ráð fyrir 50.000 hænum á Vallá. Í skilmálum deiliskipulags Vallár segir: Um er að ræða landbúnaðarsvæði þar sem ekki stendur til að auka framleiðslu á jörðinni, né munu nýjar byggingar leiða til aukinna umhverfisáhrifa þar sem ekki er fyrirhugað að stækka núverandi starfsemi.

Fyrirhuguð framleiðsluaukning er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag. Breyta þarf deiliskipulagi svæðisins eigi framkvæmdirnar að ganga eftir.

Eggjabúið að Vallá er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Dreifing hænsnaskíts er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Þá er eggjaframleiðsla háð leyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um matvæli og umfangsmikið dýrahald háð úttekt sömu stofnunar samkvæmt lögum um velferð dýra.

5 Niðurstaða

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir umhverfismatsskýrslu Stjórnueggja um endurnýjun búnaðar og framleiðsluaukningu eggjabús Vallár að Kjalarnesi í Reykjavík sem lögð var fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umhverfismatsskýrslu Stjórnueggja eru kynnt áform um endurnýjun búnaðar í varphúsum sem og framleiðsluaukningu með fjölgun fugla úr 50.000 í allt að 95.000. Skipulagsstofnun telur að Stjórnuegg hafi sýnt fram á að hafa nægjanlegt landsvæði til að dreifa hænsnaskít án þess að farið sé of nærri vatnsbólum eða vatnsföllum. Gert er ráð fyrir að 225 ha svæði nægi án þess að landi sé ofgert með köfnunarefni. Til ráðstöfunar eru 256 ha að Geldingaá í Leirársveit og um 86 ha að Hvítárvöllum í Borgarfirði. En auk þess er gert ráð fyrir að Landgræðslan muni taka við nokkru af skít en ekki liggur fyrir hvar það verður nýtt eða hversu mikið magn kunni að verða notað til uppgræðslu. Skipulagsstofnun telur brýnt að við dreifingu hænsnaskíts verði tekið mið af aðstæðum, ekki síst veðri, hverju sinni með það að markmiði að ónæði vegna ólyktar og foks verði í lágmarki og að hænsnaskíturinn komi ekki til með að spilla neysluvatni eða berast í yfirborðsvatn.



Skipulagsstofnun telur að veigamestu umhverfisáhrif framkvæmdanna verði vegna lyktar frá varphúsum að Vallá. Eins og rakið er að framan mun endurnýjun búnaðar hafa í för með sér að skíturinn verður mun þurrari eftir breytingar. Það gerir það að verkum að minna losnar af rokgjörnum illa lyktandi efnum á borð við ammoníak. Slíkt er jákvætt en samhliða er verið að fjölga fuglum úr 50.000 í allt að 95.000. Í umhverfismatskýrslu var bent á að með fleiri varpfuglum að Vallá megi gera ráð fyrir aukinni lyktarmengun. Skipulagsstofnun er sammála þessu og telur því að framkvæmdirnar muni hafa nokkuð neikvæð áhrif á loftgæði. Því leggur Skipulagsstofnun til áfangaskipta stækkun búsins og að sannreynd verði áhrif hvers áfanga áður en heimilað verði að ráðast í frekari stækkun.

Reykjavík, 25. ágúst 2022

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson